

7. júlí 2009.

Tilkynning til ríkislögreglustjóra um meint brot á ákvæði 117. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti varðandi markaðsmisnotkun.

Fjármálaeftirlitið hefur vísað máli vegna gruns um markaðsmisnotkun til ríkislögreglustjóra skv. 148. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.). Um er að ræða mál er varðar a-lið 1. tl. 1. mgr. 117. gr., 2. tl. 1. mgr. 117. gr. og 2. mgr. 117. gr. vvl.

Fjallar a-liður 1. tl. 1. mgr. 117. gr. vvl. um víðskipti eða tilboð um víðskipti sem gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna. Í 2. tl. 1. mgr. 117. gr. vvl. er fjallað um svokölluð sýndarvíðskipti, þ.e. víðskipti eða tilboð um víðskipti sem byggð eru á tilbúningi eða þar sem notuð eru einhver form blekkingar eða sýndarmennska. Í 2. mgr. 117. gr. vvl. er síðan kveðið á um milligöngu fjármálafyrirtækis um verðbréfavíðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að víðskiptin brjóti í bága við fyrrnefnda 1. mgr. ákvæðisins.

Í því tilfalli sem hér um ræðir áttu sér stað víðskipti, eða tilboð um víðskipti, fjármálafyrirtækis með hluti í tveimur félögum dagana 4. og 10. júní 2008 og 24. júlí 2008. Taldi Fjármálaeftirlitið starfshætti fjármálafyrirtækisins og tveggja starfsmanna þess er störfuðu við eigin víðskipti fjármálafyrirtækisins og við miðlun verðbréfa fyrir hönd víðskiptavina þess, fela í sér markaðsmisnotkun, sbr. fyrrnefnd ákvæði 117. gr. vvl.

Fólust fyrrgreindir starfshættir í því að tilboð fjármálafyrirtækisins um víðskipti með hluti í tveimur félögum voru hreyfð til, ýmist hækkuð sölutilboð þess eða lækkuð kautilboð, rétt áður en tilboð voru gerð fyrir hönd víðskiptavinar. Leiddu starfshættirnir til þess að í einu tilviki hækkaði opinbert dagslokaverð bréfa í tilteknu félagi. Í öðru tilviki urðu víðskipti á hærra verði en ætla má að víðskiptavinurinn hefði fengið ef fjármálafyrirtækið hefði ekki hækkað sölutilboð sitt nokkrum mínútum áður en lagt var fram kautilboð víðskiptavinarins. Í þriðja tilvikinu urðu víðskipti á lægra verði en ætla má að fjármálafyrirtækið hefði fengið ef sölutilboð víðskiptavinarins hefði verið sett inn í tilboðabókina áður en kautilboð fjármálafyrirtækisins voru lækkuð. Það sem fyrst og fremst gerði slíka starfshætti framkvæmanlega að mati Fjármálaeftirlitsins var að sömu starfsmenn fjármálafyrirtækisins fengust á sama tíma við víðskipti fyrir eigin reikning fjármálafyrirtækisins og miðlun verðbréfa fyrir víðskiptavini þess.

Með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins ákvað Fjármálaeftirlitið að vísa bæri málinu til ríkislögreglustjóra.